

## Yfirlýsing frá samninganefnd Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna gerðar þjónustusamninga milli Sjúkratrygginga Íslands og ríflega fjörutíu hjúkrunarheimila landsins.

Í lok árs 2019 var gengið frá þjónustusamningum milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og ríflega fjörutíu hjúkrunarheimila landsins sem gilda til ársloka 2021. Sú samningagerð byggði á viðræðum milli SÍ annars vegar og sameiginlegrar samninganefndar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (Samband ísl. sv.) hins vegar. Sú ákvörðun að gera þessa samninga var samninganefnd SFV og Sambands ísl. sv. erfið og var í raun umdeild innan hjúkrunarheimilanna af ýmsum ástæðum.

Meginástæðan er að sá samningur sem hjúkrunarheimilin hafa nú gert er mikil afturför frá fyrri samningi sem gildi árin 2016 til 2018. Í þessum nýja samningi er ekki gert ráð fyrir að bætt verði við fjármunum til að mæta aukinni þjónustubörf þeirra einstaklinga sem munu þurfa að nýta sér þjónustu í hjúkrunar – og dvalarrýmum á samningstímanum. Í því felst að ef íbúar eins hjúkrunarheimilis þurfa aukna þjónustu vegna heilsufarsástæðna, þá mun fjármagn vegna þjónustu við íbúana ekki verða aukið í réttu hlutfalli við þörfina. Greiðslur vegna þjónustu við íbúa sem hafa sömu þjónustubörf og áður, munu lækka. Þetta gallaða kerfi var notað af hálfu ríkisins við útdeilingu fjármuna áður en gerður var þjónustusamningur við hjúkrunarheimilin árið 2016. Nýr samningur felur í sér afturhvarf til þess kerfis og gengur gegn því sjónarmiði að greiðslur fylgi þjónustuþegum og í samræmi við þeirra þörf.

Samninganefnd SFV og Sambands ísl. sv. er engan veginn sátt við þessa niðurstöðu. Meginástæða þess að sú ákvörðun var tekin að skrifa undir samning nú var sú afstaða ríkisins að um 216 milljónir króna<sup>1</sup> af fjárveitingu sem ákvörðuð var með fjárlögum fyrir árið 2019 til reksturs hjúkrunarheimila, yrði ekki greidd nema gerður yrði samningur. Þá væri óljóst með einingarverðshækkunar og aðrar greiðslur á árinu 2020, ef ekki yrði samið og SÍ myndu setja heimilunum gjaldskrá. Samningsstaða hjúkrunarheimila var því engin. Aðstöðumunur samningsaðila við samningsborðið er mikill og aflsmunar beitt. SFV hafa, ásamt öðrum þjónustuveitendum í heilbrigðisþjónustu, gagnrýnt mjög þessa útfærslu ríkisins við fjármögnun heilbrigðisþjónustu. Margir og alvarlegir vankantar eru á því ferli, eins og fram kemur í skýrslu KPMG frá nóvember 2019.<sup>2</sup>

Þá vilja samninganefnd SFV og Sambands ísl. sv. ítreka að styrkja þarf rekstrargrunn hjúkrunarheimila. Það hefur ekki verið gert þrátt fyrir yfirlýsingar þess efnis í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Þvert á móti er í nýjum samningi hjúkrunarheimilanna fjárveiting til heimila vegna aukinnar hjúkrunarþyngdar takmörkuð umfram það sem áður gildi og skerðingar auknar frá því sem áður var til hjúkrunarheimila sem eru með óbreytta hjúkrunarþyngd. Þriðja árið í röð lækka greiðslur (að raunvirði) til þeirra hjúkrunarheimila sem eru með íbúa með óbreyttri hjúkrunarþyngd. Á meðan aðrar heilbrigðisstofnanir hafa fengið aukið rekstrarfé undanfarin ár í fjárlögum, er rekstrarfé hjúkrunarheimila skorið niður.

<sup>1</sup> Upphafleg fjárveiting var 276,4 milljónir en í viðræðunum kom í ljós að SÍ höfðu þegar ráðstafað um 60 milljónum af þeirri fjárveitingu með gjaldskrá sinni fyrir árið 2019.

<sup>2</sup>Sjá má skýrslu KPMG á [www.samtok.is](http://www.samtok.is), undir liðnum „fréttir“.

Hjúkrunarheimilin eru hluti af heilbrigðiskerfinu og staða þeirra og starfsemi hefur áhrif á kerfið í heild sinni. Hvergi í heilbrigðisstefnu stjórnvalda eða í samningum SÍ hefur verið ákvarðað nákvæmlega umfang þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veita á inni á hjúkrunarheimilum. Hvergi er tekið fram um hversu langt heimilin eiga að ganga í því að sinna flókinni hjúkrun og lækniþjónustu. Hjúkrunarþyngd íbúa heimilanna hefur aukist umtalsvert undanfarin ár eins og rannsóknir sýna og hafa heimilin gengið langt umfram skyldu í viðleitni við að sinna sínum íbúum innan veggja heimilanna. Fagmönnum inni á hjúkrunarheimilum er mun minni en viðmið Embættis landlæknis kveða á um eins og hjúkrunarheimilin hafa bent þingmönnum og stjórnvöldum á í áraraðir. Með hliðsjón af minnkandi fjárveitingu og fagmönnum, er ljóst að á næstu misserum munu sum heimilanna neyðast til að senda þessa íbúa í auknum mæli á spítala, enda mörg heimili ekki lengur í stakk búinn til að sinna veikustu íbúum með öruggum hætti.

Þrátt fyrir undirritun ofangreindra þjónustusamninga munu SFV og Samband ísl. sveitarfélaga því halda áfram að beita sér fyrir því að íbúar í hjúkrunar – og dvalarrýmum geti fengið þá þjónustu sem þeir hafa þörf fyrir og hjúkrunarheimili fái það fjármagn sem til þarf til að veita þeim þá þjónustu líkt og kveðið er á um í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum er hægt að hafa samband við Pétur Magnússon, stjórnarformann SFV (s: 841-1600) eða Eybjörgu Hauksdóttur, framkvæmdastjóra SFV (s: 898-9225).

Samninganefnd SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga skipa:

F.h. SFV:

Björn Bjarki Þorsteinsson, varaformaður SFV

Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SFV

Pétur Magnússon, formaður SFV

Sigurður Rúnar Sigurjónsson, stjórnarmaður SFV

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga:

Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag – og upplýsingasviði